

Nr. 099 / 13 Ásgeir ÞH 198**Vélarvana og dreginn í land**

Skipaskr.nr. 1790
Smíðaður: Akureyri 1987, plast
Stærð: 9,41 brl. 10,96 bt.
Mesta lengd: 11,33 m Skráð lengd: 10,61 m
Breidd: 3,14 m Dýpt: 1,34 m
Vél: Ford Mermaid 88 kW, 2010
Fjöldi skipverja: 2

Gögn:
Gögn RNS



Ásgeir©Fiskifrétir

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 14. febrúar 2014 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni og Hilmarí Snorrasyni. Pálmi K. Jónsson tók þátt í afgreiðslu á drögum skýrslunnar.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 20. júní 2013 var Ásgeir ÞH 198 á strandveiðum á NA miðum. Veður: NNA 5-7 m/s.

Á veiðunum varð báturinn vélarvana og var óskað eftir aðstoð. Eiki Matta ÞH 301 kom á staðinn og dró Ásgeir til hafnar á Húsavík.

Við rannsókn kom fram:

- að heddpakkning gaf sig. Þegar vélin var sett í gang sprengdi hún pakkninguna þannig að hluti hennar kom út úr vélinni;
- að um galla var að ræða í pakkningunni. Daginn eftir fengu þeir senda nýja heddpakkningu og reyndist sami galli í henni. Var ný heddpakkning pöntuð að utan og er hún kom mátti sjá að hún var sérstaklega styrkt á þessum gallasvæðum frá framleiðanda;
- að skipt var um vél í bátinum árið 2010 og var hún aðeins keyrð um 1200 klst. þegar atvikið átti sér stað. Vélaskiptin höfðu ekki verið skráð í gagnagrunn Siglingastofnunar Íslands.

Nefndarálit:

Nefndin telur að orsök bilunarinnar hafi verið gölluð heddpakkning.